

*Lög um sölu á nokkrum hluta úr kirkjueigninni Mosfellsheiðarlandi*, undirskrifuð af konungi sama dag (53).

*Lög um breyting á lögum nr. 30, 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða*, undirskrifuð af konungi sama dag (54).

*Lög um viðauka við lög nr. 4, 14. febr. 1902, um greiðslu verkkaups*, undirskrifuð af konungi sama dag (55).

*Lög um skemtanaskatt og þjóðleikhús*, undirskrifuð af konungi sama dag (56).

*Landskiftalög*, undirskrifuð af konungi sama dag (57).

**29** *Brjef fjármálaráðuneytisins, til skattanefndarinnar í Rang-*  
28. febr. *árvallahreppi, um tekju- og eignarskatt.*

Í brjefi dags. 3. júní f. á. hefir hin háttvirta skattanefnd óskað úrskurðar stjórnarráðsins um nokkur atriði í lögum og reglugerð um tekju- og eignarskatt. Þar sem ekki er spurt um, hversu beita skuli ákvæðum laga og reglugerðar í ákveðnu tilfalli, heldur beiðst almennra skýringa um ákvæðin, verður þó eigi um úrskurð heldur einungis um leiðbeiningar að ræða af hálfu ráðuneytisins.

1. *Spurt er þannig*: Hafa skattanefndir, þar sem almanaksár er notað sem reikningsár og fjenaður verðlagður um nýár, miðað við verð í fardögum næst á undan, samanb. 14. og 22. gr. laganna og 25. gr. reglugj., leyfi til að breyta verðlagi í það horf, sem líkur eru til að gildi í fardögum næst á eftir, og jafnframt færa fram aldur ungvíðis um eitt ár, þ. e. lamb í 1 v. kind, kálf í vetrung, folald í 1 v. tryppi, 1 v. tryppi í tveggjavetra, 2 v. í þriggjavetra og 3 v. í fullgilt 4 v. hross.

Það er óheimilt að reikna með nokkru áætluðu búfjárverði í næstkomandi fardögum. Reglan í 25. gr. 3. reglugerðarinnar segir: „Verðmæti hlutanna skal ákveðið eins og ætla má, að þeir hefði selst í lok skattársins, nema búfjenaðar. Þar skal miða við verð í fardögum næst á undan skattálagningu.“

Hið fyrsta, sem hjer getur orkað tvímælis er það, *hvaða skepnur* **29**  
 sje rjett að telja fram og meta eftir verðlagi í síðastliðnum fardögum. **28. febr.**  
 Eðlilegast er að skilja ákvæðið svo, sem eignarskatt beri að gjalda af því búfje, sem gjaldandi átti í næstliðnum fardögum, og eftir því verði, sem þá var á þeim skepnum. Þannig skilin verður reglan hrein, og segir að af þessari tegund eignar á ekki að gjalda eignarskatt eins og eignin var í lok skattársins, heldur eins og hún var í næstliðnum fardögum, eða nálægt miðju skattári. En þar sem þessi undantekning frá hinni alm. reglu finnur þó enga stoð í sjálfum lögnum, heldur einungis í reglugerðinni, þykir naumast fært annað en að leyfa að telja fram til eignarskatts þær skepnur, sem gjaldandi á í árslok. En nú vita allir, að í næstliðnum fardögum var ekki til neitt nýárs lamb, ekki folöld hálfis árs gömul o. s. frv., og kemur þá fram sú spurning, hvornig eigi að verðleggja hverja einstaka tegund búpenings um nýár, þegar á að „miða við verð í fardögum næst á undan.“

Í þessu sambandi verður að líta á það, að ákvæði reglugerðarinnar í 21. gr. 5. um að *fóðurbirgðir* skuli eigi telja til skatts (eignarskatts) á heldur ekki neina beina stoð í lögnum sjálfum. Þessi 2 ákvæði, að miða verð fjenaðarins við verð í næstliðnum fardögum, og að telja ekki fóðurbirgðir til skatts, verður að skýra hvort í sambandi við annað, þannig að niðurstaðan fari sem næst hinni alm. reglu í 22. gr. laganna, að eignarskattur skuli ákveðinn eftir eign gjaldanda í lok skattársins. Þykir rjett að skýra aðferð þá, er ráðuneytið telur að fylgja verði um verðlaginu nýársfjenaðar eftir lögnum og reglugjörðinni, með 2 dæmum, og er annað miðað við uppvaxandi pening, en hitt við fullorðinn pening.

Bóndi á og hefir á fóðrum 40 lömb um nýár. Engar slíkar skepnur voru til í næstliðnum fardögum, en þá var verð á gemlingum (ársgömlum sauðkindum) 25 kr. Nú ber að „miða“ verð nýárslambisins hjer við, þannig, að verð þess er talið 25 kr. að frádregnum áætluðum tilkostnaði við að framfleyta lömbunum til næstkomandi fardaga. Í þessum frádrætti frá verðinu má telja áætlaðan kostnað við hirðingu og hæfilega upphæð fyrir áhættu (vanhöldum), en *ekki* kostnað við fóðrið sjálft, nema að því leyti sem álitast kynni að bóndi þyrfti að kaupa fóður til viðbótar sínum birgðum. Ef hæfilegt þykir að áætla 5 kr. á lamb fyrir hirðingu og vanhöldum til fardaga, þá verður hvert lamb reiknað til skatts á 20 kr., eða 40 lömb á 800 kr. Þannig verður að reikna eftir ákvæði reglugerðarinnar, þó að fyrirsjáanlegt þyki að gemlingsverð í næstkomandi fardögum verði eitthvað annað en 25 kr.

Annað dæmi: Bóndi á um nýár 80 ær á fóðrum. Ærverð (loðin og lembd) var í næstliðnum fardögum 40 kr. Honum ber þá að telja ærverð 40 kr. að frádregnum samskonar kostnaði og áður, en nú má einnig

29 gera nokkuð fyrir þeirri áhættu, að ærin verði ekki lembd, þó þetta sju  
28. febr. ekki bein vanhöld. Segjum að fyrir hirðingu, vanhöldum og áhættu sju  
áætlaðar kr. 8.00, þá ber að greiða eignarskatt af 32 kr. fyrir hverja á,  
eða alls fyrir ærnar af kr. 2560.00.

Með þessari aðferð er alls ekki gert það, sem kallað er í 1. spurn-  
ingu skattanefndarinnar að „færa fram aldur ungvíðis um eitt ár“, held-  
ur er með þessu reiknað út verð *eignarinnar*, eins og hún er um áramót,  
að óbreyttu verðlagi á *búfje* frá því í næstliðnum fardögum.

2. *Spurt er þannig*: Í 21. gr. reglugjörðarinnar tölul. 5 er svo ákveðið:  
„Fóðurbirgðir matar og eldsneytis skal eigi telja til skatts.“

Er hjer nokkuð um að efast, að öll hey, sem til eru um nýár og  
ætluð ásettum fjenaði til fóðurs, sju þær „Fóðurbirgðir“ sem átt  
er við og heyin sju því sömu reglum háð og matur og eldiviður sem  
til eru í búi um nýár, að teljast eigi til skatts.

Um þetta nægir, að því er fóðurbirgðir snertir, að vísa til svars-  
ins undir 1., að því viðbættu, að ef búfjáreignin er talin til eignarskatts  
eins og hún var í fardögum, þá er alveg eðlilegt að telja ekki fóður-  
birgðir um nýár þeirri eign til viðbótar.

3. *Spurt er þannig*: Telst það vera nauðsyn, að reikna fæði með herra  
verði þiggjanda til tekna, heldur en veitanda til frádráttar ef veit-  
andi sleppir úr frádrætti húsnæði, ljósi og hita. Vinna við skýrsl-  
urnar er á þennan hátt minni og síður bygt á áætluðum tölum, enda  
síst til tekjumissi hins opinbera.

Þar sem ekki ber að reikna fæði hjúa við landbúnað til frádráttar  
eða gjalda búanda með herra verði en því, sem efnið í fæðuna kostar  
(sjá eyðubl. fyrir skýrslu um tekjur og gjöld af landbúnaði), virðist  
óhjákvæmilegt að telja það þiggjanda til tekna með herra verði, þ. e.  
með því verði er fæðið kostar tilbúið og framreitt.

30  
6. apríl

*Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, til biskups, um  
skiftingu Aðalvíkursóknar í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi í  
tvær sóknir.*

Eftir móttöku brjefs yðar, háæruverðugi herra, dags. 23. febr.  
þ. á., sem fylgdi erindi prófastsins í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi, með  
fylgiskjölum, þar sem borin er fram ósk Staðarsafnaðar í Aðalvík, um